

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	28.05.21
Málalykill	80.44
Mál nr.	2105677

Bæjarstjórn Garðabæjar
v.t. Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 26. maí 2021

**Efni: Ársreikningur Styrktarsjóðs Garðasóknar árið 2020.
Beiðni um árlegt framlag bæjarsjóðs Garðabæjar til sjóðsins fyrir árið 2021.**

Meðfylgjandi er áritað eintak af ársreikningi Styrktarsjóðs Garðasóknar fyrir rekstrarárið 2020 sem samþykktur var á aðalsafnaðarfundum Garðasóknar fimmtudaginn 19. maí 2020.

Heildarframlög bakhjarla sjóðsins námu 3.400.000 kr. á árinu og framlög annarra (einstaklingar/fyrirtæki) 264.000 kr. eða alls 3.664.000 kr. Sjóðsstjórn ráðstafaði 3.676.088 kr. til styrkumsækjenda. Fjármagnstekjur hækkuðu enn töluvert milli ára vegna góðrar ávöxtunar safns og námu um 1.458.000 kr. Rekstrarafgangur var um 1.480.000 kr. Sjóðsstjórn ráðstafaði öllum fjármunum sem heimilt var samkvæmt reglum sjóðsins.


Sem fyrr var stuðningur fyrir jóla (jólastyrkir) fyrirferðarmikill við úthlutun og um 60% af öllum styrkveitingum fóru fram í desember. Unnt var að verða við öllum umsóknum sem bárust.

Aðalsafnaðarfundur samþykkti að framlag Garðasóknar til Styrktarsjóðsins yrði 1.600.000 kr. árið 2021 sem er sama fjárhæð og undanfarin tvö ár.

Garðabær leggur sjóðnum venjulega til sömu fjárhæð og Garðasókn ár hvert.

Þess er óskað að framlag Garðabæjar fyrir árið 2021 verði greitt fyrir lok nóvembermánaðar inn á bankareikning sjóðsins hjá Arion Banka, reikn. nr. 0318-26-6501, kt. 650195-2139. Undirritaður veitir fúslega frekari upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Styrktarsjóðs Garðasóknar


Einar Farestveit, gjaldkeri